



Ársskýrsla 2025

Starf stjórnar ÍRB var með nokkuð hefðbundnu sniði á liðnu starfsári. Haldnir voru tíu stjórnarfundir eða að meðaltali 1 x í mánuði þar sem tekin voru fyrir þau mál sem höfðu borist.

Það má segja að helsta verkefni bandalagsins sé að deila út fjármunum til aðildafélaga þess. ÍRB sér um að greiða út lottótekjur sem skipt er milli aðildarfélaganna eftir fjölda iðkenda undir 18 ára hjá aðildarfélögum samkvæmt iðkendalistum aðildarfélaga. Starfsemi á vegum ÍRB er mjög lítil og nánast öllum fjármunum sem bandalaginu berast skipt milli aðildarfélaganna. Í dag eru aðildarfélög ÍRB alls 16.

ÍRB sér um að deila út þjálfarastyrkjum frá Reykjanesbæ til aðildarfélaga. Heildarstyrkurinn er 24.900.000 og hefur haldist óbreyttur frá árinu 2018 þrátt fyrir mikla fjölgun. En á árinu 2026 mun þessi tala hækka og verður 36.900.000 sem er vel.

Að venju stóð ÍRB í samstarfi við Keflavík, Njarðvík og Reykjanesbæ fyrir vali á íþróttafólki ársins. Þriðja árið í röð var viðburðurinn haldinn í Hljómahöll við hátíðlega athöfn þann 20. Janúar.

Veitt voru verðlaun fyrir besta íþróttafólkið í hinum ýmsu greinum karla og kvenna hjá Keflavík og Njarðvík og aðildarfélögum ÍRB. Að lokum voru valin íþróttamaður og íþróttakona ársins 2025. Eva Margrét Falsdóttir úr Sundráði ÍRB og Guðmundur Leo Rafnsson Sundráði ÍRB var valinn íþróttamaður ársins. Þau eru bæði vel að þessu komin og við óskum þeim innilega til hamingju.

ÍRB hefur átt gott samstarf við Reykjanesbæ á liðnu starfsári og samþykkt var á árinu 2025 að við fengjum árið 2026, 50% stöðugildi í stöðu framkvæmdarstjóra. Nú bindum vonir við að það verði svo aukið í heilt stöðugildi sem fyrst. Það er mikilvægt fyrir stórt bæjarfélag eins og okkar að



hafa öflugt Íþróttabandalag sem getur sinnt þeim málaflokkum sem því ber.
Með stöðugildinu getum við stigið í rétta átt til að sinna þeim verkefnum sem
tilheyra ÍRB og það er okkar ósk við getum átt gott samstarf með Reykjanesbæ
eins og gengur og gerist í öðrum stórum bæjarfélögum

Við höfum átt gott samstarf við svæðisfulltrúa ÍSÍ og UMFÍ á starfsárinu og erum
við þeim þakklát fyrir allan þann stuðning sem þau hafa veitt okkur.

Rúnar V. Arnarson, Formaður ÍRB



Rekstrarreikningur 2025

Rekstrartekjur

| | 2025 | 2024 |
|---------------------------|-------------------|-------------------|
| Útbreiðslustyrkir | 4.553.229 | 2.493.901 |
| ÍSí/UMFÍ - Lottótekjur | 47.771.491 | 34.103.996 |
| Reykjanesbær | 25.600.000 | 25.100.000 |
| Ósóttir vinningar - Lottó | 159.592 | 787.826 |
| Getraunatekjur | 1.468.453 | 1.282.785 |
| Aðrar tekjur | 788.972 | 373.964 |
| | <u>80.341.737</u> | <u>64.142.472</u> |

Rekstrargjöld

| | | |
|---|-------------------------|-------------------|
| Ýmis kostnaður | 2.006.075 | 691.141 |
| Yfirstjórn | 700.000 | 0 |
| Verkefni v/ flóttabarna Lottó/útbr.styrkir til aðiladarfélaga | 1.000.000 45.381.909 | 0 37.935.793 |
| Reykjanesbær þjálfarastyrkur | 24.737.235 | 24.561.046 |
| | <u>73.825.219</u> | <u>63.187.980</u> |
| Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði | <u>6.516.518</u> | <u>954.492</u> |

**Fjármagnsliðir**

| | | |
|----------------|---------|---------|
| Fjármunatekjur | 380.984 | 421.032 |
| Fjármunagjöld | 0 | 0 |
| | <hr/> | <hr/> |
| | 380.984 | 421.032 |

Afkoma ársins

| | |
|-----------|-----------|
| 6.897.502 | 1.375.524 |
|-----------|-----------|



Efnahagsreikningur 31.12.2025

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|-----------------------|------------|------------|
| Fastafjármunir | | |
| Fasteignir | 0 | 0 |
| Áhöld og tæki | 0 | 0 |
| | <hr/> | <hr/> |
| | 0 | 0 |
| Veltufjármunir | | |
| Viðskiptamenn | 0 | 0 |
| Handbært fé | 13.558.539 | 6.702.182 |
| | <hr/> | <hr/> |
| | 13.558.539 | 6.702.182 |
| Eignir alls | 13.558.539 | 6.702.182 |
| Eigið fé | | |
| Óráðstafað eigið fé | 13.558.539 | 6.661.037 |
| | <hr/> | <hr/> |
| Eigið fé alls | 13.558.539 | 6.661.037 |



Skuldir

Langtímaskuldir

| | | |
|--------------------|-------|-------|
| Önnur skuldabréf | 0 | 0 |
| Næsta árs afborgun | 0 | 0 |
| | <hr/> | <hr/> |
| | 0 | 0 |

Skammtímaskuldir

| | | |
|------------------------------|-------|--------|
| Ógr. vegna ípr.manns og konu | 0 | 0 |
| Ógr. til aðildarfélaga | 0 | 41.145 |
| | <hr/> | <hr/> |
| | 0 | 41.145 |

| | | |
|--------------|-------|--------|
| Skuldir alls | <hr/> | <hr/> |
| | 0 | 41.145 |

| | | |
|--------------------------|------------|-----------|
| Eigið fé og skuldir alls | 13.558.539 | 6.702.182 |
|--------------------------|------------|-----------|